



FRÓÐI

Mái 2014

Fréttabréf Ingunnarskóla

Grænfánahátíð

Föstudaginn 30. maí fáum við grænfánann afhentan í þriðja skipti. Af því tilefni ætlum við að halda hátíð í skólanum sem hefst klukkan níu um morguninn.

Foreldrar eru hvattir til að koma og taka þátt í gleðinni með okkur.

Dagskrá:

- Kl. 8:50 Nemendur og starfsfólk safnast saman á skólalóð, ef veðrið er gott en annars á sal skólans.
- Kl. 9:00 Nemendum í Umhverfisnefnd veittar viðurkenningar fyrir vel unnin störf.
- Kl. 9:20 Afhending nýs fána og hann dreginn að húni.

Allir fá grænan frostpinna frá foreldrafélaginu og síðan verða leikir, dans og fjör á skólalóðinni eins lengi og hentar hverjum bekk.

Milli klukkan 14:30 og 16:00 býður foreldrafélagið upp á hjólaviðgerðir fyrir framan kirkjuna ásamt sérfræðingunum frá Doktor Bike.



1.-3. bekkur

Eftir áramót hafa nemendur í 1.-3. bekk verið svo lánsamir að hafa notið lestraraðstoðar frá konum í félagi eldri borgara í Reykjavík. Hafa þær komið einu sinni í viku og nemendur lesið hjá þeim í ró og næði. Hefur þetta mælst einstaklega vel fyrir og þökkum við þessum ágætu konum innilega fyrir aðstoðina. Vonandi sjáum við þær aftur á næsta skólaári.



3. bekkur á Barnamenningarhátíð

Nemendur í 3. bekk tóku þátt í Barnamenningarhátíð og sýndu verk í Þjóðminjasafninu. Sýningin hét *Ég og jörðin mín* og höfðu nemendur verið að velta fyrir sér hvernig þau upplífa jörðina. Verkin voru að mestu leyti gerð úr endurnnum og endurnýttum efniviði.



2.-3. bekkur í Húsdýragarðinum

Krakkarnir í 2. og 3. bekk hafa alltaf nóg að gera. Hópurinn skrapp í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í þessu líka góða vorveðri sem við vorum að sjálfsgöðu búin að panta. Byrjað var á að skoða dýrin og það var gaman að sjá hvað börnin voru áhugasöm og gáfu sér góðan tíma. Vísindatjaldið vakti eins og áður mikla lukku enda spennandi að gera tilraunir af ýmsu tagi. Nokkrir krakkar lentu í myndatöku hjá nemendum í Réttó sem voru að gera lokaverkefni í skólanum. Við fengum fínt hádegisnesti frá skólanum, samlokur, kleinur og safa sem rann allt ljúftlega niður. Eftir það skottuðust krakkarnir um og skemmtu sér meðal annars á hoppudýnni sem sló í gegn. Virkilega góður dagur og börnin voru sjálfum sér, foreldrum sínum og Ingunnarskóla til mikils sóma.



Stærðfræðikeppni grunnskólanna

Stærðfræðikeppni grunnskólanna var haldin í Borgarholtsskóla föstudaginn 14. mars. Verkefnið í keppninni voru í formi þrauta og leyst án vasareikna. Þátttakendum var skipt í hópa eftir bekkjum.

Nemendur Ingunnarskóla sem tóku þátt í stærðfræðikeppninni voru: Ragnheiður Karlsdóttir, Ingunn Lilja Bergsdóttir Bjarki Leó Snorrason og Kamilla Antonina Karnnowska úr 9. bekk og Andri Hrafn Þorvaldsson, Jón Pétur Snædland, Steinar Björnsson og Vífill Ari Hröðmarsson úr 8. bekk. Þau voru öll Ingunnarskóla til mikils sóma og stóðu sig vel. Steinar Björnsson í 8. bekk náði 3. sæti í sínum flokki.



Skemmtilegar tilraunir í margmiðlun

Í margmiðlun hafa nemendur í 4.-5. bekk og 6.-7. bekk unnið í stuttmyndagerð. Þau gerðu verkefni í iPad og notuðu appið **Green Screen til að taka upp** og settu bakgrunn undir. Skemmtileg vinna hjá krökkunum og afraksturinn verður síðan settur inn á vef margmiðlunar í Ingunnarskóla.





Fjör í lokaverkefni 10. bekkjar

Hin árlega lokaverkefnisvinna 10. bekkjara er nú hafin. Þemað í ár er *Samfélag* og tóku nemendur vel við sér og verður afraksturinn örugglega frábær eins og fyrri ár. Stundatafla nemenda breyttist og falla öll fög undir lokaverkefnið þannig að nemendur vinna eingöngu við lokaverkefnið fram til 30. maí.

Kynningar fyrir foreldra verða 30. maí kl. 10:30 á sal skólans og fara þær fram í tveimur hlutum.

Hópar 1 – 6 byrja að kynna kl. 10:35 – 11:35 og hópur 7 – 12 kl. 11:40 – 12:40. Foreldrar fá að sjá afrakstur verkefna eins og *Netsamfélög*, *Vald fjölmiðla*, *Jafnrétti í samfélaginu*, *Vandi vegna heimilisofbeldis*, *Mannréttindi*, *Réttindi samkynhneigðra* og fleiri og fleiri áhugaverð efni.

Við hvetjum foreldra til að koma á kynninguna.

Útskrift 10. bekkjar

Útskrift 10. bekkjar verður fimmtudaginn 5. júní kl. 18:00 á sal skólans. Eftir að athöfninni lýkur verða boðnar fram veitingar í boði foreldra og skólans.

Skólaslit

Skólaslit verða þann 6. júní. Þau hefjast með stuttri dagskrá á sal skólans og síðan fara nemendur með kennurum sínum inn á svæði og fá afhenta vitnisburði. Kl. 11:30 1.-5. bekkur Kl. 12:30 6-9. bekkur



Starfsfólk Ingunnarskóla óskar nemendum og foreldrum gleðilegs sumars og þakkar kærlega fyrir samstarfið í vetur.

Hiökkum til að sjá ykkur aftur í haust.

Ingunnarskóli
Maríubaugi 1
113 Reykjavík
www.ingunnarskoli.is
Sími: 411 7828
Fax: 411 7838
Netfang:
ingunnarskoli@reykjavik.is

Föstudaginn 22. ágúst verður skólaþing og viðtalsdagur.
Nánari tímasetning auglýst síðar